

BANDARÍSKAR BÓKMENNTIR I. hluti

- stiklað á stóru -

Bandarískar bókmenntir hafa mótast af sögu landsins, allt frá nýlendutímabilinu að myndun sambandsríkjanna, sem sameinaði þjóðina undir einum fána. Hægt er að rekja bókmenntir þjóðarinnar að upphafi 16. aldar þegar Evrópubúar fluttust búferlum til Norður-Ameríku. Þar var markmið hinna ólíku hópa að skapa fyrirmyndarsamfélög í hinum nýja heimi.

Bókmenntir nýlendutímans voru oft á tíðum upphafning á nýlendunni og þeim tækifærum sem þar mátti finna. Ævintýramaðurinn John Smith er talinn hafa átt frumkvæði að bandarískum bókmenntum. Af hans fyrstu verkum má nefna „*A True Relation of ... Virginia...*“ (1608) og „*The General Historie of Virginia, New England, and the Summer Isles*“ (1624).

Rithöfundar nýlendutímans tókust oft á um hollustu við England eða um ríkisstjórnina vegna sambands ríkis og kirkju. Nytjaskrif 16. aldar voru ævisögur, sáttmálar, ferðafrásagnir og daglegt líf. Lítið var um leikrit eða skáldsögur, sem víða var umdeilt form, en ljóðagerð festi sig tryggilega í sessi. Bæði innihald og form bókmennta í Bandaríkjunum voru greinilega undir breskum áhrifum.

17. öldin einkenndist af pólitískum átökum í frelsisbaráttu Bandaríkjanna; á milli nýlendubúa sem vildu sjálfstæði og stuðningsmanna bresku krúnunnar. Ljóðagerð varð að vopni beggja aðila í frelsisbaráttu Bandaríkjanna þar sem stríðandi aðilar notuðu ljóðin til áróðurs, hvatningar og upphafningar hetjudáða.

Við lok 17. aldarinnar var farið að skrifa bæði leikrit og sögulegar skáldsögur. Pólitískir rithöfundar höfðu mikil áhrif á sjálfstæðisbaráttuna og sá áhrifamesti var Thomas Jefferson (1743-1826). Jefferson varð þriðji forseti Bandaríkjanna og gegndi embættinu í 8 ár. Hann samdi sjálfstæðisyfirlýsingu nýlendubings Bandaríkjanna þrettán, sem gekk út á það að að bandarísku nýlendurnar væru frjálsar og óháðar Stóra Bretlandi.

Í kjölfar frelsisbaráttunnar voru rithöfundar hvattir til að skrifa um eitthvað sem væri sérstaklega bandarískt. Meðal þeirra rithöfunda sem ruddu braut bandarískra bókmennta langt fram eftir 18. öldinni voru eftirtaldir:

William Cullen Bryant (1794-1878), ljóðahöfundur og ritstjóri dagblaðsins *Evening Post* í New York í hálföld.

Washington Irving (1783-1859), skrifaði m.a. smásögurnar „*The Legend of Sleepy Hollow*“ og „*Rip Van Winkle*“ sem gefnar voru út í *The Sketch Book* (1819-20) og voru hans þekktustu verk.

James Fenimore Cooper (1789-1851) höfundur skáldsögunnar *Síðasti Móhíkaninn* og fjölda annarra bóka. *Skinnfeldur*, „*The Pioneers*“ (1823), er fyrsta sagan í bandarískum bókmenntum sem dregur upp nákvæma mynd af því hvernig lífið var hjá evrópsku landnámsfólki sem sótti til vesturs.

Edgar Allan Poe (1809-1849) skrifaði myrkar smásögur og ljóð, en vann einnig sem gagnrýnandi og ritstjóri. Hann varð frægur fyrir að þróa hið dularfulla og hryllilega í skrifum sínum, og enn þann dag í dag eru skáldverk hans meðal þeirra fremstu í flokki hryllingssagna. Þekktustu verk hans eru smásagan „*The Tell-Tale Heart*“ (1843) og ljóðið *Hrafninn*, „*The Raven*“ (1845), eitt frægustu ljóða heims.

Nathaniel Hawthorne (1804-1864) skrifaði skáldsöguna „*The Scarlet Letter*“ (1850). Bókin er eitt af meistaraverkum bandarískra skáldsagna og tekur á djúpstæðan hátt á því góða og hinu illa í mannum.

Herman Melville (1819—1891) skrifaði eitt af meistaraverkum bandarískra skáldsagna *Moby Dick* eða *Hvalinn*, „*Moby-Dick or the Whale*“ (1851) og smásöguna *Bartleby skrifari*, „*Bartleby, the scrivener: a story of Wall Street*“ (1853) sem endurspeglar svartsýni hans sjálfs á erfiðum tímum.

Walt Whitman (1819-1892) var ljóðskáld, blaðamaður og rithöfundur. Útgáfa ljóðasafns hans „*Leaves of Grass*“ (1855) markaði tímamót í sögu bandarískra bókmennta. Hann notaði ljóðform óháð reglubundnum bragarhætti og rími hins hefðbundna forms.

Ýmsar pólitískar stefnur og straumar höfðu áhrif á bókmenntirnar í takt við sögu, þróun og vöxt Bandaríkjanna. Margir rithöfundar létu ljós sitt skína milli 1830-1867 og vörpuðu gamansömum blæ á stjórnarmál og samfélag Nýja Englands. Seba Smith (1792-1868) og James Russell Lowell (1819-1891) voru þar fremst í flokki.

Í suðvestur hluta Bandaríkjanna voru rithöfundar og áhrifamenn eins og Davy Crockett (1786-1836) og George Washington Harris (1814-1869) sem drógu upp myndir af lífinu við framlínuna í óbyggðunum og fylgismönnum lýðræðisstjórnar Andrew Jacksons.

Henry Wadsworth Longfellow (1807-1882) var eitt ástsælasta ljóðskáld Bandaríkjanna á 18. öld. Hann þýddi meistaralega *Hinn guðdómlega gleðileik* Dantes og samdi í kjölfarið sex sonnettur um Dante sem eru meðal hans bestu verka.

Amos Bronson Alcott (1799-1888) skrifaði „*The Journals of Bronson Alcott*“ og var að mörgu leyti á undan sinni samtíð; fátækur og sjálflærður bóndasonur. Hann var hugsjónamaður, kennari, heimspekingur og rithöfundur. Hann var grænkeri (borðaði hvorki kjöt né fisk), fylgjandi afnámi þrælahalds, og talaði fyrir réttindum kvenna.

Alcott var alltaf fátækur og skuldugur, vann það sem honum bauðst eða þáði ölmusu frá öðrum. Það breyttist þegar dóttir hans Louisa May náði vinsældum sem rithöfundur, m.a. með sögunni *Yngismeyjar* (1868). Þá fóru fræðslufyrirlestrar hans sjálfs einnig að gefa öruggar tekjur.

Ralph Waldo Emerson (1803-1882) prestur, fyrirlesari, skáld, og rithöfundur. Þegar hann missti konu sína úr berklum fór hann að efast um starf sitt og boðskap kirkjunnar. Hann skrifaði m.a. „*Self Reliance*“ (1841) sem fjallar um að hver og einn þurfi eingöngu að leita inn á við til að sækja andlega leiðsögn.

Henry David Thoreau (1817-1862). Hans þekktasta verk er „*Walden*“ (1854), þar sem hann ver trú sína á að nútímamaðurinn ætti að draga úr kröfum sínum til lífsins. Bókin er byggð á hugrenningum Thoreau og reynslu þegar hann bjó einn í kofa við Walden Pond.

Öflugar konur voru áhrifamiklar í baráttu fyrir réttlæti og framförum í samfélaginu á 18. öld og notuðu skrif sín til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Margaret Fuller (1810-1850), kennari og rithöfundur, skrifaði sig inn í menningarsögu Bandaríkjanna með bókinni „*Women in the Nineteenth Century*“ (1845). Þar skoðar hún stöðu kvenna innan samfélagsins og hvetur þær til að mennta sig og þar með öðlast sjálfstæði. Að láta ekki sér ekki nægja að halda heimili heldur fylgja sinni sannfæringu og vinna við það sem þær hafa áhuga á, hvað sem það kann að vera „*Let them be sea-captains, if they will*“.

Harriet Beecher Stowe (1811-1896) var rithöfundur og mannvinnur. Hún var fylgjandi afnámi þrælahalds og virk í þeirri baráttu. Bókina *Kofi Tómasar frænda* (1852) byggði hún á eigin rannsóknum og upplifun. Bókin olli miklu fjaðrafoki þegar hún kom út, því þar var studdur málstaður afnámssinna. Til dæmis var bókinni afneitað í Suðurríkjunum. Það var sérlega hættulegt að eiga og/eða lesa *Kofa Tómasar frænda* í Suðurríkjum Bandaríkjanna á þessum tíma. Sumir telja að bókin hafi verið einn af þeim þáttum sem hleypti af stað borgarastyrjöldinni.

Emily Dickinson (1830-1886) var ljóðskáld sem lifði einangruðu lífi. Aðeins 10 af næstum 1800 ljóðum hennar voru gefin út á meðan hún lifði. Stíll hennar, þar sem heilindi eru í fyrirrúmi, þykir einstakur, og hún er ásamt Whitman talin vera helstu ljóðskáld Bandaríkjanna 18. aldarinnar.

Í kjölfar borgarastyrjaldarinnar varð viðsnúningur í sögu Bandaríkjanna, iðnaður jókst og dró til muna úr hagrænu mikilvægi vestursins. Nútíminn hóf innreið sína hafði mikil áhrif á þróun bókmennta.

Háðfuglar urðu vinsælir rithöfundar. Þeir notuðu m.a. slanguryrði og óbeinar vísanir ásamt latínuslettum en öðluðust, þrátt fyrir slæg skrif, vinsældir hjá þúsundum landsmanna. Skáldsagnaskrif urðu fyrst vinsæl meðal lesenda þegar rithöfundar notuðu lýsingar á málfari, klæðaburði o.þ.h. til að gefa frásögnum raunverulegan blæ.

Mark Twain (Samuel Langhorne Clemens) (1835-1910) var einn ástsælasti rithöfundur Bandaríkjanna, blaðamaður, fyrirlesari og kímnskáld. Twain varð þekktur um allan heim fyrir ferðasögur sínar og æskusögur. Þekktustu skáldsögur hans eru *Tumi Sawyer*, „*The Adventures of Tom Sawyer*“ (1876) og *Stikilsberja-Finnur* „*Adventures of Huckleberry Finn*“ (1885).

Við lok 18. aldar fóru rithöfundar að snúa sér meira að natúralisma, þar sem áhersla er á að gera hversdagslegum veruleika nákvæm skil, fremur en siðgæði mannsins eða skynsemi hans. Seinna komu út alþjóðlegar skáldsögur sem fjölluðu um togstreitu í sambandi Bandaríkjanna og Evrópumanna; hvert land með sínar áherslur á sérkenni og dyggðir.

Ýmis konar ritverk lögðu grunn að umfangsmiklum bókmenntum sem blómstruðu eftir borgarastyrjöldina til ársins 1914. Bækur sem fjölluðu um aðför að vaxandi viðskiptavaldi og

spillingu ríkisstjórnarinnar, með áherslu á hvernig hið fullkomna samfélag gæti verið -
samfélagsleg uppreisn.

Bandarískar bókmenntir frh.

II.

Árin eftir fyrri heimstyrjöldina settu mark sitt á stíl bókmenntanna sem var mjög fjölbreyttur þar sem rithöfundar, leiðandi á sviði leikrita, ljóða og skáldsagna, hölluðust að djúptækum og tæknilegum tilraunum í sínum skrifum.

Á 19. öld fór að bera á ljóðskáldum sem tóku fyrir samfélagsleg mein eins og kynþáttafordóma, má þar nefna James Weldon Johnson (1871-1938), Nella Larsen (1891-1964), Langston Hughes (1902-1962), Jean Toomer (1894-1967), Zora Neale Hurston (1891-1960) og Countee Cullen (1903-1946) sem voru öll af afrískum uppruna.

Rithöfundar skáldsagna fóru nýjar slóðir í skrifum sínum. Þá var umfjöllunarefnið samtíminn, nútímalegri og sálrænni nálgun en áður hafði sést, sem þróaðist svo í átt að byltingarkenndri samfélagsgagnrýni. Konur voru frumlegar og opinskáar í skrifum sínum, sem var óvanalegt á fyrrihluta 19. aldarinnar.

Skáldin Ezra Pound (1885-1972) og T.S Eliot (1888-1965) voru framúrstefnulegir í sinni ljóðagerð og hlaut Eliot bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1948. Á þessum tíma spruttu upp margir mikilsvirtir rithöfundar:

F. Scott Fitzgerald (1896-1940) sem skrifaði *Hinn mikli Gatsby*, „*The Great Gatsby*“ (1925). William Faulkner (1897-1962) rithöfundur hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1949.

John Steinbeck (1902-1968) sem skrifaði m.a. *Þrúgur reiðinnar*, „*The Grapes of Wrath*“ (1939), og *Mýs og menn*, „*Of Mice and Men*“ (1937). Steinbeck hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1962.

Einnig voru skrifaðar skáldsögur um valdníðslu auðvaldsins gagnvart verkalýðnum og spruttu þeir rithöfundar upp hver á fætur öðrum. John Dos Passos (1896-1970) var einn þessara rithöfunda en hann skrifaði m.a. „*Manhattan Transfer*“ (1925) og trílógíuna „*U.S.A.*“ (1930-36). Hann nýtti sér ýmsar nýjungar í frásagnarlist þar sem hann skrifaði út frá myndrænu sjónarhorni og í fréttastíl.

Eftir seinni heimstyrjöldina kom fram ný kynslóð rithöfunda, svæðisbundnir minnihlutahópar með öðruvísi samfélagsleg einkenni en þeir sem komu á undan. Meðal yngri rithöfunda voru

afkomendur innflytjenda, margir hverjir gyðingar, af afrískum uppruna og loks konur, sem með upprisu femínismans höfðu fundið nýja rödd.

Þrátt fyrir ríkjandi íhald eftirstríðsáranna voru þeir rithöfundar sem fengu mesta athygli fyrir verk sín samkynhneigðir eða tvíkynhneigðir og áttu sameiginlegt dökkt þema og tilraunaaðferðir við skrif sín:

Tennessee Williams (1911-1983) leikritaskáld, verk hans voru þýdd víða og náðu vinsældum um heiminn. Hann fékk Pulitzer verðlaun fyrir verkið „*Cat on a Hot Tin Roof*“ (1955) og náði kvikmyndin sem gerð var eftir bókinni einnig miklum vinsældum.

Truman Capote (1924-1984) var rithöfundur og leikritahöfundur, eitt af hans bestu verkum *Morgunverður á Tiffany's*, „*Breakfast at Tiffany's*“ (1958), var kvikmyndað nokkrum árum síðar.

Paul Bowles (1910-1999) var þekkt tónskáld, þýðandi og rithöfundur. Hann bjó seinni hluta ævi sinnar í Tangier Marokkó og skrifaði þar sína fyrstu skáldsögu, „*The Sheltering Sky*“ (1949) sem varð metsölubók og var kvikmyndað rúmum fjórtíu árum síðar.

James Baldwin (1924-1987) leikrita- og rithöfundur skrifaði m.a. „*Go Tell it on the Mountain*“ (1953). Hann gegndi mikilvægu hlutverki bókmennta í sögunni vegna mælsku sinnar og ástríðu gagnvart kynþáttaumræðunni í Ameríku, sérstaklega á seinnihluta sjötta áratugarins og fyrri hluta þess sjöunda.

Bandarískir rithöfundar fóru í auknum mæli að taka fyrir þau djúpstæðu áhrif sem styrjöldin hafði á þjóðina og notuðu til þess bæði raunsæi og ýktan skáldskap. Fáránleiki og fantasía, undirliggjandi tortryggni milli menningarheima, ofsóknarkennd og skopstæling var það sem tók við hjá rithöfundum sem afneituðu þeirri hefði að endurspegla samfélagið.

Þegar árásin á Hiroshima var gerð fundu yngri rithöfundar að raunsæi nægði ekki til að sýna afleiðingar martraðar sem stríðið olli. Þeir drógu fram færánleikann með satíru, svörtum húnor og hryllingi, Víetnamstríðið var engin undantekning.

Rithöfundar þess tíma áttu það sameiginlegt að skrifa um þá sem stóðu utan við samfélagið: Jack Kerouac (1922-1969) skrifaði „*On the Road*“ (1957) sem hafði víðtæk menningarleg áhrif þar sem bókin náði tíðarandanum sem þá var, en slíkt hafði ekki sést frá því að „*The Great Gatsby*“ kom út 1925.

John Updike (1932-2009) var margverðlaunaður rithöfundur sem er þekktastur fyrir vandað raunsæi en nákvæma lýsingu á Amerísku smábæjarlífi miðstéttarinnar.

J.D. Salinger (1919-2010) ávann sér hylli gagnrýnenda og aðdáendur fyrir söguna „*Catcher in the Rye*“ (1951).

Neyslusamfélag og menningarárrekstur 7. áratugarins knúði fram nýjar leiðir til skáldsagnaskrifa. Rithöfundar fundu fyrir pressu að finna nýjan ritstíl sem svaraði til breyttra tíma, póstmóðernismi, þema átroðnings og vænisýki, fantasía og aukið ofbeldi er meðal þess má finna í verkum þessa höfunda.

Jopseph Heller (1923-1999) rithöfundur skrifaði „*Catch-22*“ (1961) sem var ein markverðasta gagnrýni á seinni heimstyrjöldina. Bókin varð mjög vinsæl og kvikmynduð um 9 árum seinna.

Kurt Vonnegut, Jr. (1922-2007) var rithöfundur sem segja má að hafi verið forlagatrúar með nútímasýn á mannlegt samfélag. Hann skrifaði m.a. „*Slaughterhouse-Five*“ (1969) þar sem hann byggir á eigin reynslu sem stríðsfangi í Dresden Þýskalandi í heimstyrjöldinni síðari.

Á þessum tíma voru einnig skrifaðar myrkar og sögulegar skáldsögur sem fjölluðu um þrælauppreisnina fyrir tíma borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum, ekki síður en bækur sem fjölluðu um hryllileg fjöldamorð nasista á gyðingum í seinni heimstyrjöldinni. Raddir rithöfunda af gyðingaættum og frá suðurríkjum Bandaríkjanna fundu sér farveg í skáldsagnaformi og voru kvenrithöfundar þar engin undantekning.

Einn áhrifamesti rithöfundur 8. áratugarins var Raymond Carver (1938-1988). Hann skrifaði aðallega smásögur og ljóð af raunsæi um líf hins vinnandi fátæka manns sem endurspeglar líf hans sjálfs. Þekktustu verk hans eru *Það sem við tölum um þegar við tölum um ást*, „*What We Talk About When We Talk About Love*“ (1981), og „*Cathedral*“ (1983).

Bandarískar bókmenntir frh.

III.

Bókmenntir frumbyggja Ameríku byggjast á hefðbundnum munnmælasögum og einnig ritum sem fela í sér aldagamalt myndletur, þjóðsögur og goðsagnir. Sögumenn báru frásagnarhefðina áfram í gegnum aldinnar sem lifir áfram í verkum margra nútímarithöfunda Bandaríkjanna af frumbyggja ættum.

Sherman Joseph Alexie (1966-) er einn af þekktustu nútímarithöfundum frumbyggja Ameríku og skrifar bæði ljóð, smásögur og skáldsögur. Hann hefur unnið til fjölda bókmenntaverðlauna og skrifar út frá eigin reynslu þar sem hann ólst upp á náttúruverndarsvæði Spoken frumbyggja.

Í skrifum sínum veltir Alexie aðallega fyrir sér þremur spurningum; hvað það þýðir að lifa sem frumbyggi í dag, hvað það þýðir að vera karlmaður af frumbyggjaættum, og hvað það þýðir að búa á náttúruverndarsvæði frumbyggja.

Afrísk-amerískar bókmenntir eiga upphaf sitt að rekja allt frá tímum fyrir stjórnarbyltingu nýlendunnar. Rithöfundar af afrískum uppruna hafa gefið af sér bókmenntir sem eru í senn áhrifamiklar með hárfínu samfélagslegu innsæi og sýna glögg sögu og sjálfsmynd Ameríku. Meðal þekktustu rithöfunda í þeirra röðum eru:

Toni Morrison (1931-) sem skrifaði m.a. *Ástkær „Beloved“* (1987) og *Söngur Salómons „Song of Solomon“* (1977). Morrison varð þekkt fyrir að skoða reynslu svartra innan samfélags þeirra, þá sérstaklega reynslu svartra kvenna) en hún hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1993.

Alica Walker (1944-) sem skrifar skáldsögur, smásögur og ljóð með sérstakan fókus á konur, sem gefur einstaka innsýn í afrísk-amerískan menningarheim. *Purpuraliturinn „The Color Purple“* (1982) er hennar þekktasta bók og færði henni Pulitzer verðlaunin.

Fjölmening jókst til muna eftir að létt var á lögum um innflytjendur, eins og bókmenntir seinni hluta 19. aldar bera vitni um. Margir innflytjendarithöfundar gefa góða innsýn í gamla menningarheima og að sama skapi dýpri skilning á nýrri menningu.

Þrátt fyrir að margir þessir rithöfundar taki sérstaklega fyrir sinn menningarbakgrunn þá hafa þeir átt stóran þátt í að breyta bandarískum bókmenntum, sem endurspeglar mósaík menningarheima sameinaða undir fána stórveldis.